

V/Þingskjal 227-mál 219  
**Skrifstofa Alþingis**  
**Atvinnuveganefnd**

Ágætu nefndarmenn í atvinnuveganefnd, ég sendi hér með ykkur óumbeðið umsögn um Þingskjali 227- mál 219 sem er frumvarp um Strandveiðar (heildarlög)

Mín umsögn varðandi þetta frumvarp er að bæta inni það 2.gr frá þingskjali 561-mál 447. Sem segir:

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. a í lögnum:

- a. Í stað orðanna „6.000 lestir af óslægðum botnfiski sem nýttar skulu“ í 1. mgr. kemur: 3,6% af leyfðum heildarafla þorsks og 3,6% af leyfðum heildarafla ufsa, sem nýta skal.
- b. Í stað orðanna „ráðherra með reglugerð“ í 2. mgr. kemur: Fiskistofa með auglýsingu.
- c. Á eftir 1. másl. 1. tölul. 5. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að fara til veiða fyrr en kl. 12 á hádegi næsta mánudag eftir sjómannadag.
- d. Við 7. mgr. bætist: Þar er m.a. heimilt að kveða á um:
  1. Úthlutun á föstum fjölda sóknardaga fyrir hvert fiskiskip í maí og júní í því skyni að auka öryggi við strandveiðar. Fjöldi sóknardaga skal ákveðinn sem  $\frac{3}{4}$  af fjölda veiðidaga á viðkomandi svæði um næstliðið ár. Sækja þarf um úthlutun sóknardaga innan frests sem ákveðinn er í reglugerð.
  2. Skilyrði um eignarhald. Ef eigandi fiskiskips er lögaðili er heimilt að kveða á um að lögskráðir sjómenn á fiskiskipinu eigi tiltekna lágmarkseignarhlutdeild í lögaðilanum. Enginn eigenda lögaðila sem á bát með strandveiðileyfi getur átt aðild að nema einu strandveiðileyfi.

**Tálknafjörður 23. Janúar 2013**

**Bjarni Einarsson**

**Túngötu 28, Tálknafirði (gerir út Strandveiðibát frá Tálknafirði)**